

Nd.

148. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

I. KAFLI

Um fræðsluskyldu og undanþágur.

1. gr.

Öll börn á landinu eru skólaskyld á aldrinum 7—14 ára. Skólaskyldan hefst 1. maí það almanaksár, sem barnið verður fullra 7 ára, og endar með fullnæðarprófi það ár, sem það verður fullra 14 ára.

Þar sem húsrými og kennslukraftar leyfa, er skólanefnd heimilt að veita 6 ára börnum skólavist.

2. gr.

Undanþágur frá skólavist má veita, þegar full trygging er fyrir því, að börnin biði engan hnekki við það, en skyld eru þau börn, er slíka undanþágu fá, að ganga undir öll próf, sem fyrirskipuð eru eða fyrirskipuð kunna að verða af

fræðslumálastjórninni fyrir börn á skólaskyldualdri. Þetta ákvæði nær einuig til handiðju og líkamsuppeldis.

Fræðslumálastjórnin getur veitt heilum skólahverfum undanþágu frá skólaskyldu fyrir börn innan 10 ára aldurs. Undanþágu þessa má þó ekki veita í kaupstöðum eða skólahverfum, þar sem heimanganga er auðveld. Umsóknir til fræðslumálastjórnarinnar sendast fyrst námsstjóra, en hann sendir þær síðan til fræðslumálastjóra ásamt umsögn sinni.

Námsstjóri getur veitt undanþágu:

- a. þegar sótt er um undanþágu frá skólavist fyrir einstök börn.
- b. þegar sótt er um leyfi til fullnaðarprófs fyrir börn yngri en 14 ára.

Þessar umsóknir skulu stílaðar til námsstjóra, en sendar skólustjóra þess skóla, sem barnið á sókn að. Skólustjóri sendir síðan umsóknina til námsstjóra ásamt umsögn sinni.

Allar umsóknir um undanþágur skulu ritaðar á sérstök eyðublöð, sem fræðslumálastjórnin lætur gera.

3. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu skal veita þeim börnum, sem að dómi kennara og skólalæknis eru óhæf til náms eða skóladvalar með öðrum börnum vegna andlegs eða siðferðilegs vanþroska. Svo fljótt, sem við verður komið, skal stofna eitt eða fleiri hæli fyrir þessi börn. Slík hæli skulu starfrækt af ríkinu, og á kostnað þess, eftir reglugerð, er fræðslumálastjórnin setur.

Ríkið kostar skólavist þeirra barna, sem vegna blindu, heyrnardeyfu, málhelti eða annara líkamsgalla geta ekki stundað nám í venjulegum barnaskólum.

4. gr.

Hvert námshæft barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og sagt munnlega frá því, er það les. Það skal og geta gert skriflega og nokkurnveginn ritvillulausa og mállýtalausa grein fyrir því efni, er það þekkir vel. Kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rétt frá efni þeirra með eigin orðum.
2. að geta skrifað læsilega og hreinlega rithönd.
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringum valda kafla úr bibliunni eða bibliúsögur, sérstaklega um líf og kenningu Krists. Skal lögð áherzla á, að það hugfesti einkum orð hans og hafi þau rétt eftir. Kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og vera leikið í að heita þessari kunnáttu til úrlausnar auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi, meðal annars til að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta. Það skal og vera leikið í að reikna með lágum tölum í buganum.
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðar vorrar að fornu og nýju og þau tímabil, er þeir lifðu á.
6. að vera leikið í að nota landabréf og hafa fengið sem ljósasta þekkingu á

áttögum sínum, náttúru Íslands, högum þjóðar vorrar og þjóðskipulagi. Það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helztu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á lmettinum og hafa fengið nokkra þekkingu í jarðeðlisfræði.

7. að hafa vanizt á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim, það skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautna-meðala, t. d. vínanda og tóbaks og hafa nokkra þekkingu á byggingu og störfum mannlegs líkama. Ennfremur skal það þekkja nokkrar íslenskar jurtir og geta skýrt frá lifnaðarháttum og einkennum helztu dýra, einkum innlendra.
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð.
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.
10. að hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju og
11. að hafa stundað leikfimi, a. m. k. þá leikfimi, sem hægt er að stunda á-haldalítið og án sérstaks húsnæðis.

5. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 4. gr. ræðir um, skulu börn á skólaskyldualdri öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum ein-stakra barnaskóla.

II. KAFLI

Um skólahald og kennsluskipun.

6. gr.

Alls staðar á landinu, þar sem því verður við komið, skulu vera fastir heimangönguskólar fyrir öll skólaskyld börn. Heimavistarskólar skulu vera fyrir öll þau börn, sem geta ekki gengið í skóla sökum vegalengdar. Eru aðstandendur þessara barna skyldir að kosta dvöl þeirra hinn lögskipaða námstíma, sbr. þó 9. gr.

Lágmark hins árlega námstíma þeirra barna, er enga undanþágu fá, skal vera:

- a. Í heimangönguskólum með 3 kennara eða fleiri:
 1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
 2. Fyrir 10—14 ára börn 24 vikur á ári, 700 kennslustundir.
- b. Í heimangönguskólum með 1—2 kennurum:
 1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
 2. Fyrir 10—14 ára börn 24 vikur á ári, 600 kennslustundir.
- c. Í heimavistarskólum á hvert skólaskyld barn að stunda nám minnst 12—13 vikur á ári, og séu námsvikur aldrei færri en 88 samtals á aldrinum 7—14 ára, nema undanþága hafi verið veitt. Nú er undanþága frá skólahaldi fyrir yngri börn en 10 ára veitt heilu skólahverfi, og á þá námstími 10—14 ára barna að vera minnst 16 vikur á ári.

7. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem börn hafa á framfæri, fyrirskipunum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, án gilda ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra. Sektin rennur í fræðslusjóð (bæjarsjóð).

Sé um alvarleg eða ítrekuð brot að ræða, skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd, sem hefir rétt til þess, í samráði við skólastjóra og námsstjóra, að svipta aðstandendur umráðarétti yfir barninu.

8. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af Jöghöðinni skóladvöl þess eða fræðslu, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti greiddast úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkan styrk séu komnar til skólanefndar fyrir 30. okt. ár hvert.

9. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, sem lagt er fram úr ríkissjóði. Greiða skal sérstaklega úr ríkissjóði til heimavistarskóla fé sem svarar ráðskonukaupi, og úrskurðar fræðslumálastjórnin til 5 ára í senn, hve há sú fjárhæð skuli vera.

Lögskipaða fræðslu þeirra barna, sem fá undanþágu frá skólaskyldu, skulu heimilin annast á sinn kostnað.

III. KAFLI

Um skólahverfi og skólanefndir, fræðsluhérað og fræðsluráð.

10. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður í landinu er fræðsluhérað út af fyrir sig. Þó skal sameina brepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef slíkt hentar betur vegna staðháttar, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir.

Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju.

11. gr.

Í hverju skólahverfi er skólanefnd skipuð 5 mönnum, nema þegar hreppur eða bæjarfélag skiptist í fleiri skólahverfi. Þá skulu vera 3 menn í hverri skólanefnd, og kjósa hreppshúar 2, en í kaupstöðum kys bæjarstjórn og kennarar sinn manninn hvor aðili.

Þar sem skólahverfi og breppur falla saman, kjósa hreppsbúar 4 menn í skólanefnd.

Þar sem 2 hreppar eða partar úr tveimur hreppum mynda skólahverfi, skulu 2 menn kosnir í skólanefnd í hvorum hreppi, nema fræðslumálastjórn mæli öðruvísi fyrir.

Þar sem 3 eða 4 hreppar eða partar úr 3 eða 4 hreppum mynda skólahverfi, skal 1 maður kosinn úr hverjum hreppi. Þó hefir hreppshluti því aðeins rétt til að kjósa skólanefndarmenn, að a. m. k. 15 skólahverfishúa eigi þar heima.

Séu hrepparnir aðeins 3, skipar námsstjóri 1 mann í nefndina.

Kosning skólanefndarmanna fer fram á sama hátt og þá er kosið er í hreppsnefndir og samtímis, þegar því verður viðkomið. Um atkvæðisrétt og kjörgengi í skólanefndir gilda sömu reglur og um sveitarstjórnarkosningar.

Þar sem skólar eru fleiri en einn í sama kaupstað, skal skólanefnd fyrir hvern skóla skipuð 3 mönnum. Kýs fræðsluráð kaupstaðarins einn þeirra, en skipaðir kennarar viðkomandi skóla annan.

Þar sem kaupstaður er eitt skólahverfi, kýs nýkosin bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, og er skólanefndin þar jafnframt fræðsluráð kaupstaðarins.

Varamenn skulu kosnir á sama hátt og aðalmenn og jafnmargir.

Fræðslumálastjórnin skipar formenn allra skólanefnda.

Fræðsluráð skal vera í hverju skólahéraði, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum, sem skipt er í skólahverfi, skulu 4 fræðsluráðsmenn kosnir hlutbundinni kosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar formann.

Útan kaupstaða kýs sýslunefnd 4 fræðsluráðsmenn, og skulu eigi fleiri en einn vera úr sama skólahverfi. Sýslumaður er sjálfkjörinn formaður fræðsluráðs. Formaður sér um sendingu allra skýrslna, sem fræðslumálastjórnin óskar eftir um starfsemi fræðsluráðs.

Skólanefndir og fræðsluráð skulu kosin til jafnlangs tíma og hreppsnefndir og bæjarstjórnir.

12. gr.

Formaður kallar skólanefnd saman til funda svo oft sem þörf krefur. Skytt er honum að kveðja nefndina til fundar, þegar þess er krafizt af einum nefndarmanna eða skólastjóra. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólanefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þegar atkvæði eru jöfn, skal atkvæði formanns ráða. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðahók. Enginn skólanefndarmaður hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan.

13. gr.

Skólanefnd hefir umsjón með allri barnafræðslu í skólahverfi sínu, með þeim takmörkunum, er sett kunna að verða í erindisbréfum skólastjóra og námsstjóra. Hún auglýsir eða lætur auglýsa kennarastöður, þegar þær eru lausar, og tekur á móti umsóknum um þær.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjanda fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skytt að mæla með fleiri en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

Skytt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á

kennara, en námsstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annarsvegar og skólastjóra eða námsstjóra hinsvegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

Skólanefnd hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna í skólahverfinu og annast um það, með aðstoð skólastjóra, að þau skorti ekkert, er með þarf til þess, að skólavistin komi þeim að sem fyllstum notum. Skylt er henni að hafa umsjón með skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem þar eru ætluð til kennslu og íbúðar, séu útbúin í fullu samræmi við þær reglur, sem heilbrigðisstjórnin setur. Hún sér um útvegum kennsluáhalda þeirra, sem skylt er að hafa í skólum, semur skýrslur, eða lætur semja, um skólaskyld börn í skólahverfinu og áætlun um útgjöld vegna skólahalds næsta ár, og sendir hvortveggja fræðsluráði innan þess tíma, er það ákveður.

Útan kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er úr fræðslusjóði til skólahalds í skólahverfinu, og annast allar greiðslur fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir tekjur og gjöld skólans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan skal senda reikninginn fræðsluráði til endurskoðunar og samþykktar.

Afrit af reikningum skal senda fræðslumálastjóra.

Reikningsár skólanna er almanaksárið.

Aðrar framkvæmdir fyrir skólanefnd hefir formaður á hendi, enda ber honum að sjá um, að störf nefndarinnar séu vel af hendi leyst.

Fræðslumálastjórnin gefur út fyrirmyndir að skólareglugerðum, annari fyrir heimangönguskóla og hinni fyrir heimavistarskóla. Skólanefnd semur síðan frumvarp til reglugerðar og sendir það fræðslumálastjórninni til staðfestingar.

Skólanefnd sér um alla skýrslugerð, sem fræðslumálastjórnin heimtar um hag barnafræðslunnar í skólahverfinu.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs eða fræðsluráðs og bæjarstjórnar (sýslunefndar) um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

IV. KAFLI

Um fræðslusjóði og skólabyggingasjóði.

14. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðslusjóður, er stendur straum af öllum útgjöldum til barnafræðslunnar. Þegar gerð hefir verið heildaráætlun um kostnað við skólahald í fræðsluhéraðinu samkvæmt skýrslum og áætlunum skólanefnda, skal fræðsluráð reikna út áætlaðan kostnað á hvert barn í fræðsluhéraðinu. Skal síðan heildarkostnaðinum af barnafræðslunni jafnað niður á hreppa fræðsluhéraðsins í hlutfalli við tölu skólaskyldra barna í hverjum hreppi. Jafna

skal niður svo hárrí fjárhæð árlega, að öruggt megi telja, að hún hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins næsta ár, að viðbættu tillagi til skólabyggingasjóðs.

Fræðslusjóðsgjald skal innheimt með sýslusjóðsgjaldi og á sama hátt.

15. gr.

Stofnaður skal skólabyggingasjóður í hverju fræðsluhéraði utan kaupstaða, og skal honum varið til skólabygginga, viðhalds og endurbóta á skólahúsum og vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið til slíkra bygginga.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali og íbúatölu hreppsins,
- b. 15%—20% af tekjum fræðslusjóðs sýslunnar,
- c. andvirði gamalla skólahúsa og skólaáhalda, er seld kunna að verða,
- d. sektir samkvæmt 7. gr. þessara laga,
- e. samskot, gjafir, vinnuloforð o. s. frv., sem sjóðnum kann að áskotnast.

Fyrsti liður fellur niður að nokkru eða öllu leyti, þegar sjóðurinn þarf hans ekki lengur með, þá er og heimilt að lækka tillag fræðslusjóðs, þegar ástæður leyfa.

16. gr.

Fræðsluráð hefir á hendi alla stjórn fræðslusjóðs og skólabyggingasjóðs, Fræðsluráð og viðkomandi skólanefnd annast um framkvæmdir á byggingu nýrra skóla, endurbótum og viðhaldi.

Fræðslumálastjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um fræðslusjóði og skólabyggingasjóði.

17. gr.

Þar sem ekki eru þegar fastir skólar, skulu þeir reistir á næstu árum, svo ört sem tekjur skólabyggingasjóðs leyfa og í þeirri röð, sem þörf krefur.

Ríkissjóður greiðir allt að þriðjungi kostnaðar við að reisa fasta heimgönguskóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar við byggingu heimavistar-skóla jafnóðum og skólarnir eru reistir. Hinn hlutann greiðir viðkomandi skólabyggingarsjóður.

Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólans og að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt stærð hennar, skólastaðinn og uppdrátt að húsinu, og að það sé byggt undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á lögboðnum skólabyggingastyrk, ef fjárveiting hrekkur ekki til, og ábyrgjast lán fyrir skólabyggingasjóði.

V. KAFLI

Um einkaskóla.

18. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem reknir eru fyrir fé einstakra manna eða stofnana, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er

hún samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar.

Kennarar við slíka skóla verða að uppfylla öll skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um rétt til að kenna í barnaskólum landsins.

Fyrir þau börn, er slíka skóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 2. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda viðkomandi skólanefnd í hreppum og fræðsluráði í kaupstöðum skýrslu um það, hvaða börn sækja skólann, og tilkynna sömu aðiljum allar breytingar jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga slíkir skólar heimtingu á styrk af almannafé.

VI. KAFLI

Um próf.

19. gr.

Próf skal árlega halda í kunnáttu og leikni allra barna frá 7—14 ára aldurs. Prófdómarar skulu vera við fullnaðarpróf og landspróf, og séu þeir skipaðir af skólanefnd í kaupstöðum, en námsstjóra annarsstaðar á landinu.

Prófdómarar hafa sama kaup og stundakennarar.

Kostnaður við próf greiðist úr fræðslusjóði.

Hin árlegu próf skulu haldin að vorinu eða í lok skólavalar hvers aldursflokks.

Nú kemur prófskylt barn ekki til prófs, án gildra forfalla, og skal þá prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, sem skólanefnd ákveður, og greiðir sá prófkostnaðinn, er harnið hefir til framfæris. Séu ástæður til, er heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra um að fá barn prófað og beita sektarákvæðum samkvæmt 7. gr.

Heimilt er að prófa barn heima, sem ekki getur komið á prófstað.

20. gr.

Nú hefir námshæft 14 ára barn ekki náð lögskipaðri kunnáttu og eigi staðizt fullnaðarpróf, og skal þá skólanefnd í samráði við skólustjóra sjá því fyrir frekari fræðslu, unz það stenz próf í þeim námsgreinum, er því var ábótavant í.

Skólustjóri og skólalæknir ákveða, hvers krafizt skal af þeim hörnum, sem að þeirra dómi teljast óhæf til að ljúka fullnaðarprófi.

21. gr.

Þau börn, sem með fullnaðarprófi hafa sýnt, að þau hafi lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af skólustjóra (eða prófanda) og prófdómara.

22. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófa og skýrslur þær, er henni skal senda árlega um prófin.

23. gr.

Prófdómarar skulu undirrita prófskýrslur ásamt skólastjóra og senda skólanefnd eða námsstjóra skriflegt álit sitt um kennsluna og skólastarfið, ef þess er óskað.

VII. KAFLI

Um námsstjóra.

24. gr.

Auk þeirrar umsjónar og eftirlits með kennslunni, sem skólanefndum og skólastjórum er falið, skulu skipaðir eftirlitsmenn með barnafræðslunni í landinu, og nefnast þeir námsstjórar. Skulu valdir hinir hæfustu menn úr stétt islenzkra barnakennara til þess starfs, og séu þeir skipaðir til 5 ára í senn. Stjórn Sambands islenzkra barnakennara (S. Í. B.) gerir tillögur um námsstjóra til leiðbeiningar fyrir fræðslumálastjórnina.

Landinu öllu utan kaupstaða skal fræðslumálastjórnin skipta í 6 eftirlitssvæði, og sé einn námsstjóri í hverju.

25. gr.

Skólastjórar barnaskólanna í kaupstöðum skulu vera námsstjórar, hver í sínum skóla. Þeim skal látni í té aðstoð við daglegt eftirlit og skrifstofuhald, svo að þeir geti gegnt námsstjórninni. Fer um það eftir nánari ákvörðunum fræðslumálastjórnar og skólanefndar á hverjum stað.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að skipa námsstjóra fyrir kaupstaðaskóla, ef ástæða þykir til.

26. gr.

Námsstjórar eru skyldir að heimsækja alla barnaskóla á eftirlitssvæðinu, a. m. k. einu sinni á ári. Þeir skulu veita kennurum og skólanefndum allar þær leiðbeiningar, sem þeir geta, líta eftir störfum þeirra og leitast við að samræma starfsemi skólanna á eftirlitssvæðinu. Þeir hafa rétt til ihlutunar um allt það, er barnafræðslu og starfrækslu barnaskóla varðar, hver á sínu svæði.

Námsstjórar veita einstökum börnum undanþágu frá skólaskyldu (sbr. 2. gr.), skipa skólanefndarmann, er svo stendur á (sbr. 11. gr.), mæla með mönnum í skólastjórstöður (sbr. 13. gr.) og skipa prófdómara í sínu umdæmi (sbr. 19. gr.).

27. gr.

Fræðslumálastjórnin gefur út erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra, námsstjóra, skólanefndir og fræðsluráð. Skal þar nánar tekið fram um skyldur þeirra og störf. Hún skal og í samráði við skólaráð semja skrá yfir þau kennslutæki, er hverjum skóla ber að hafa til afnota.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.

29. gr.

Lögboðin leyfi í barnaskólum landsins skulu vera þessi:

1. desember, jólafri frá 16. des. til 3. jan., að háðum dögum meðtöldum, öskudagurinn, páskaleyfi frá pálmásunnudegi til 3. í páskum, að háðum dögum meðtöldum, sumardagurinn fyrsti og hvítasunnuleyfi frá laugardegi til þriðjudags að háðum dögum meðtöldum.

30. gr.

Svo fljótt, sem verða má, skal komið á fót og starfrækt rannsóknardeild í uppeldisvisindum við Háskóla Íslands, er starfi í sem nánustu sambandi við barnaskóla og aðrar uppeldisstofnanir landsins (sbr. 3. gr. laga nr. 31 frá 23. júní 1932, um byggingar háskóla).

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma numin úr gildi lög um fræðslu barna, nr. 40 1926, og önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ekki eru komnir fastir skólar samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og á meðan svo stendur, gilda ákvæði hinna eldri fræðslulaga um farkennara og farkennslu að öðru en því, er snertir stjórn þessara mála í héraði og skólakostnað, en þar skulu gilda ákvæði 10. og 11. gr. og 14.—16. gr. þessara laga. Tala kennslustaða í farskólahéraði skal ákveðin í samráði við námsstjóra.

Heimilt er þó fræðslumálastjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 11. gr. frv. um skólanefndir, þannig að ein skólanefnd starfi í sama hreppi eins og nú, þó að farskólar séu fleiri en einn og hafi þar fleiri eða færri kennslustaði.

Á tveimur næstu árum fari fram á kostnað ríkisins rækileg rannsókn á því, hvernig hagkvæmast verði að skipta landinu í skólahverfi.

Að þeirri rannsókn lokinni gerir fræðslumálastjórnin tillögur um skiptingu, og skulu þær lagðar fyrir viðkomandi sýslunefndir til samþykktar, svo fljótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag, fellir fræðslumálastjórnin úrskurð um málið.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum kennslumálaráðherra og er í aðalatriðum samhljóða frv. til laga um fræðslu barna, sem lagt var fyrir Alþingi 1934, og

vísast til greinargerðar, er fylgdi því frv., auk tveggja fylgiskjala, er fara hér á eftir. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

ÁLYKTANIR OG TILLÖGUR

með hliðsjón af svörum skólanefndanna við nýja fræðslulagafrumvarpið.

Á síðastliðnu sumri voru nokkrir menn úr kennarastétt sendir um landið til þess að bera hið nýja fræðslulagafrumvarp undir skólanefndir viðsvegar um land, og var svo til ætlað, að allar skólanefndir í landinu, a. m. k. utan kaupstaða, fengju tækifæri til þess að láta í ljósi skoðun sína á frumvarpinu og svara ákveðnum spurningum, er snertu þær höfuðbreytingar, sem frumvarpið gerir á núverandi fyrirkomulagi barnafræðslunnar, og gera ákveðnar tillögur.

Svör hafa nú borizt frá 148 skólanefndum. Auk þess höfðu áður sent umsagnir og athugasemdir milli 30—40 einstaklingar, nefndir og félag, og frv. auk þess víða verið rætt á fundum kennara og sveitarfélaga um land allt.

Það má fullyrða, að frv. er orðið allljóst þeim, sem helzt fara með fræðslumálin í landinu, og má því telja, að nú muni komnar fram þær athugasemdir við það, sem nauðsynlegastar eru, að dómi allra þessara gagnrýnenda.

Benda umsagnirnar ótvírætt í þá átt, að höfuðstefna frv. í fræðslumálum þjóðarinnar á komandi árum sé rétt. Hitt er vitanlegt, að markmiði því, sem frv. stefnir að, verður ekki náð í skjótri svipan, ekki sízt eins og nú horfir um alla afkomu þjóðarinnar. En einmitt þá, þegar svo árar sem nú, er ekki sízt nauðsynlegt að skapa sér markmið, þó allfjarri sé, sem stefnt skal í áttina til, og forðast þá hættu, að láta reka á reiðanum stefnu- og skipulagslaust.

Höfuðstefna frumvarpsins er í því fölginn:

1. að tryggja grundvöll barnafræðslunnar með því að færa skólaskylduna niður a. m. k. í þéttbýli,
2. að koma á föstum heimavistarskólum í strjálbýlinu,
3. að allstór svæði sameinist um skólahald, svo að stofnkostnaður og árlegur rekstur verði sem ódýrastur, og
4. að settir séu eftirlitsmenn með allri barnafræðslu, er væru einnig leiðbeinandi og ráðgefandi um uppeldismál.

Um 1. atriðið virðist það vera einróma álit manna í bæjum og þorpum, að færa beri skólaskylduna niður í 7 ára aldur, enda hafa flestir bæir og fjölmörg þorp þegar gert það. Þessi breyting á löggjöfinni snertir því litið þéttbýlið.

Öðru máli gegnir um strjálbýlið. Þar þykir skilyrðislaus skólaskylda frá 7 ára aldri illframkvæmanleg víða og vart æskileg. Flestar sveitir telja sig líka geta sinnt lestrarkennslunni eins og hingað til. Hvernig sem dómarnir kunna að vera um þá undirbúningsfræðslu, þá er það ljóst, að strjálbýlið hefir hér sérstöðu, þótt markið væri sett allhált í hinu upphaflega frv. Því það er um eitt af tvennu að velja, að hafa skólaskylduna í landinu jafnlanga alstaðar, eins og gert var ráð fyrir, og veita undanþágu þar sem það á við, eða hafa skólaskylduna að lögum aðra í sveitum en í þéttbýlinu. Um hitt má deila, hvort

undanþáguheimild frá skólaskyldunni á að ná aðeins til 8 ára aldurs eða til 10 ára aldurs. Og um það eru sveitirnar sjálfar ekki sammála. Þó hafa flestar kosið, að undanþáguheimildin fyrir sveitir gilti til 10 ára aldurs og væri veitt þar, sem lestrarkennslan væri forsvaranlega leyst af hendi á heimilanum. Þennan eindregna vilja verður að taka til greina. Því er það lagt til, að undanþáguheimildin í frv. verði úr 8 ára aldri færð í 10 ára aldur, en þó aðeins þar sem eru heimavistarskólar eða örðug heimanganga í fasta skóla.

Yfirleitt má segja, að um þetta atriði séu menn sammála. Það kemur alstaðar berlega í ljós, að farskólalagðið síðastliðin 30 ár, og þær breytingar, sem orðið hafa í sveitum, hafa fært mönnum heim sanninn um, að það fyrirkomulag er ekki til frambúðar. Koma menn þá ekki auga á aðra úrlausn fyrir strjálbýlið en heimavistarskólana. Um hitt eru menn ekki alls kostar sammála. Hve stór svæði skuli standa að einum og sama skóla, né möguleikana á að koma þeim upp.

Um möguleikana til þess að reisa og reka heimavistarskólana í strjálbýlinu eru skiptar skoðanir.

Í fyrsta lagi er kostnaðurinn þyrnir í augum margra, sem að líkum lætur. Og eru menn á einu máli um það, að mjög örðugt sé að bera þann kostnað, og sumir telja það ókleift. Þó hefir fullur helmingur þeirra, sem svarað hafa fyrirspurnunum, fallið á þá tekjuöflunarleið, sem frv. gerir ráð fyrir í IV. kafla (14. og 15. gr.), eða 75 nefndir alls. Benda sumar nefndir, sem á móti eru, á það, að það sé nefskattur á barnaeigendur, að fræðslugjaldinu sé jafnað niður á hreppa í fræðsluhéraði í hlutfalli við tölu barna. Þetta er misskilningur, því gjaldinu er ekki jafnað niður á barnaeigendur, heldur hreppa. er innheimta síðan hjá hrepps- búum með niðurbætur eftir efnum og ástæðum. Ef til eru heppilegri leiðir eða réttlátari, þá hefir nefndunum láðst að benda á þær. Ýmsir benda á, að heppi- legra væri, að hver hreppur væri sér um sinn fræðslukostnað. Það er hann líka í raun og veru samkv. frv., þó honum sé ællað að starfa með öðrum hreppum, þar sem því verður við komið, að framkvæmd fræðslunnar.

En það veltur á miklu um framkvæmd þessa máls, að hrepparnir fái til að starfa saman að byggingu og starfrækslu skólanna í strjálbýlinu. Og það kemur óneitanlega fram öflugur samstarfsvilji í svörum skólanefndanna, því 71 skólanefnd, eða um það bil helmingur allra nefndanna, er reiðubúinn til sam- starfs við önnur sveitarfélög. Er það m. a. ljós vottur þess, hve þörfin á breyttu fyrirkomulagi er orðin brýn, því vitanlegt er, að mikill hluti þeirra nefnda, sem hinn flokkinn fylla, tala fyrir hönd hreppsfélaga, sem vegna staðhátta geta ekki átt samleið með öðrum, þó fegin vildu. -- Svörin við þessari spurningu gefa því öllu betri vonir um framtíðarmöguleikana en búast mátti við í byrjun.

Um tekjustofna skólabyggingarsjóða í sveitum hafa ýmsir gert tillögu um að nágildandi skemmtanaskattur eða skemmtanaskattsauki renni í sjóðinn. Er það athugunarefni. Þá mætti og hafa í huga þann möguleika, sem einnig er oft nefndur, að næsta verkefni hins íslenska happdrættis ætti að vera það, að hjálpa til að byggja upp barnaskólana í landinu, og byrja þá þar, sem nú er mest þörfin, en það er í sveitunum.

4. atr. Um þetta atriði, námsstjórana, voru nefndirnar ekki sérstaklega

spurðar. En í almennum athugasemdum við frv. hafa sumar þeirra látið í ljós þá skoðun, að það fé, sem færi til námsstjóranna, myndi betur notað á annan hátt barnafræðslunni til framdráttar. Þessar nefndir hafa þó ekki rökstutt mál sitt. Er kennurunum sjálfum hezt um það kunnugt, að skipun eftirlitsmanna, sem stöðugt yrðu á ferðinni milli skóla til leiðbeininga, uppörvunar og eftirlits með öllu fræðslustarfinu í landinu, er sú bezta trygging sem hægt er að setja fyrir því, að sú orka og það fé, sem til fræðslumálanna gengur, verði landi og lýð að sem mestum og beztum notum.

Þær höfuðbreytingar, sem frv. felur í sér, eru í stuttu máli þessar:

1) Í bæjum og hinum stærri kaптúnunum gætir breytinganna ekki verulega. Flestir bæirnir og mörg kaптúnin hafa fært skólaskylduna niður í 7 ár og önnur eru í þann veginn að gera það. Þar myndi þess þá helzt gæta, að árlegur starfstími kennaranna er lengdur og nám yngstu aldursflokkanna fært meir yfir á vor og haust en nú er. Af uppeldisfræðilegum ástæðum er þetta nauðsynlegt og visast til þess, sem um það er sagt í greinargerð frv. (við 6. gr.). Og af „praktískum“ ástæðum ekki síður. Það mun bráðlega koma í ljós, og er raunar þegar augljóst orðið, að sívaxandi bæir og kaптún geta ekki stöðugt stækkað skólahús sín eða byggt ný og látið þau standa auð hálf t árið að kalla. Það verður að nota skólahúsnæðið betur en nú er gert, og það verður með því eina móti að lengja starfsár kennaranna eins og felst í frv.

2) Sveitirnar myndu flestar óska eftir undanþágu frá skólaskyldu milli 7—10 ára aldurs, og yrði því hin raunverulega skólaskylda þar sú sama og nú, þ. e. frá 10—14 ára. En sú heimild til handa fræðslumálastjórninni, að færa skólaskylduna niður, ef heimilin sinna ekki lestrarkennslunni svo í lagi sé, ætti að verða til þess að skólanefndirnar litu betur eftir heimakennslu en nú á sér stað, og veitir ekki af.

3) Farskólafyrirkomulagið myndi smátt og smátt þoka fyrir hinu nýja skipulagi, eftir því sem áhugi og efni stæðu til. Þau sveitarfélög, sem möguleika hafa til samvinnu um skóla, færu að tala sig saman og finna grundvöll undir samstarfið. Reynt yrði að efna til byggingasjóða, ákveða skólastæði o. þ. u. l. þegar ákveðið mark er til að stefna að. Hætt myndi með öllu að styrkja skólaskýli hér og þar, sem reist eru af vanefnum til lítillar frambúðar. Loks yrði svo fræðslumálastjórn að hafa úrskurðarvald um það, hvar skóli skuli reistur og hve stórt svæði skuli að honum standa.

Þannig myndi smátt og smátt þokast í áttina að settu marki. Höfuðatriðið er það, að stefna nú þegar í áttina til þess skipulags, sem telja má heillavænlegast og til frambúðar. Það má því segja, að frv. sé nánast áætlun, sem framkvæmd yrði á löngum tíma.

4) Sú verulegasta breyting, sem á yrði nú, ef frv. nær fram að ganga, er skipun eftirlitsmanna. Yrðu þá settir 6 námsstjórar, og hefði hver þeirra sitt ákveðna svæði til yfirsóknar. Þessir menn yrðu sveitunum hollir ráðunautar og gætu á margvislegan hátt stutt að því, að þessi löggjöf næði betur tilgangi sínum.

Fylgiskjal II.

ÁLIT OG TILLÖGUR

148 skólanefnda um nokkur atriði frumvarps þess til laga um fræðslu barna, sem lagt var fyrir Alþingi 1934 og sent var skólanefndum og kennurum til umsagnar 19. nóv. s. á.

I. Skólaskyldualdurinn.

1. Fellist skólanefndin á ákvæði frumvarpsins um almenna skólaskyldu fyrir 7—14 ára börn?

Svar: Já: 11 sveitir, 19 þorp.

2. Telur skólanefnd heppilegra að hafa skólaskylduna 7—14 ára með viðbót á þessa leið: „Fræðslumálastjóri getur þó veitt undanþágu, þegar aðstandendur barna í heilum skólahverfum óska eftir að fá að kenna — eða láta kenna — börnum sínum heima upp að vissu aldurstakmarki. Ekki má þó veita þessa undanþágu lengur en til 10 ára aldurs, og þá aðeins þar, sem heimavistarskólar eru eða mjög örðug heimanganga í fasta skóla“?

Svar: Já: 85 sveitir, 2 þorp.

3. Fallist skólanefnd ekki á það, sem að ofan greinir, hvaða tillögur gerir hún þá um skólaskylduna?

Svar: Óbreytt frá því sem er: 22 sveitir.

II. Skólahald og kennsluskipun.

1. Telji skólanefnd vandkvæði á því, að aðstandendur beri einir allan kostnað við dvöl barna í heimavistarskóla, hvaða tillögur gerir hún þá til þess að bæta úr þessu?

Má í þessu sambandi athuga, að í núgildandi fræðslulögum eru hliðstæð ákvæði við 8. gr. frumvarpsins, sem litið eða ekkert hafa verið notuð vegna þess, að fólk telur það engu betra en að fá sveitarstyrk. Þessi grein nær því ekki tilgangi sínum. Þess vegna er athugandi, hvort ekki ætti að gera öllum þeim, sem koma þurfa börnum í heimavistarskóla, jafnt undir höfði — ríkum sem fátækum — með því að greiða dvalarkostnað heimavistarskólabarnanna úr skólasjóði að nokkru eða öllu leyti, og þeim kostnaði verði síðan jafnað niður á hreppshúa eftir efnunum og ástæðum, eins og gert er um aðrar þarfir hreppanna. Þá væri og athugandi, hvort ekki mætti vænta þess, að ríkissjóður tæki þátt í heimavistarkostnaðinum með því að taka þátt í launagreiðslum til ráðskonu hvers skóla. Aðalatriðið í þessu sambandi er þetta: Er ekki hægt að koma því svo fyrir um heimavistarskólabörn, að aðstandendum þeirra verði sízt gert kostnaðarsamara að koma börnum sínum í skóla en þeim, sem eru svo vel í sveit sett, að þeir geti látið börn sín sækja heimangönguskóla?

Svar: Flestar skólanefndir telja rétt, að ríkissjóður greiði kaup ráðskonu, og sumar einnig öll kennaralaunin. Ennfremur telja margar nefndir nauðsynlegt, að stofnaðir séu sjóðir í sveitum, sem styrkt gætu aðstand-

endur barna, sem sækja heimavistarskóla, og lita þá sumar þannig á, að ríkið eigi að leggja fram tillag til sjóðsins.

2. Telur skólanefnd skiptingu kennslutímans milli barnanna eftir aldri ekki hentuga fyrir sveitirnar eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu?

Svar: Já: 66 sveitir, 10 þorp.

3. Ef ekki, hvaða tillögur gerir skólanefndin þá um skiptinguna?

Svar: Aðrar skólanefndir telja, að skipting námstímans eigi að vera reglugerðaratriði. Einnig er af mörgum á það bent, að skipun kennslunnar hljóti að fara að miklu leyti eftir því, hvort skólaskyldan er frá 10—14 ára eða 7—14 ára.

III. Sameining hreppa eða hreppshluta um heimavistarskóla.

1. Hvaða hreppa eða hreppshluta telur skólanefnd helst geta sameinast um skóla vegna staðhátta og barnafjölda?

Svar: 68 sveitir og 3 þorp eru fylgjandi sameiningu hreppsfélaga.

Flestir þeir hreppar, sem mótfallnir eru sameiningu, hafa þá sérstöðu vegna mannfjölda eða staðhátta, að þeir verða að vera út af fyrir sig.

2. Hvar ætti væntanlegur skóli helst að standa?

Svar:

Að gefnu tilefni má geta þess, að auðvitað kemur ekki til mála að ákveða í fræðslulögum, hvaða hreppar eða hreppshlutar skuli sameinast um skóla.

IV. Öflun tekna til skólahalds og skólabygginga.

1. Fellst skólanefndin ekki á tillögur frumvarpsins um þetta atriði (14. og 15. gr.)?

Svar: Já: 67 sveitir, 8 þorp.

2. Ef ekki, hvaða tillögur gerir skólanefndin um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði?

Svar:

V. Aðrar aths. og tillögur.

Hér á eftir skal skólanefnd færa athugasemdir og tillögur viðvikjandi öðrum greinum frumvarpsins eftir því, sem henni finnst ástæður til.

Svar: Engar markverðar.